

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júní 2022

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 20. júlí 2022


Akureyri. Frjókorn voru samfelld á lofti allan júnímánuð á Akureyri og reyndist heildarfrjöldi þeirra 1078 frjó/m³, það er vel yfir meðaltali árána 1998–2021 sem er 721 frjó/m. Frjótölur voru þó lágar seinustu viku mánaðarins en samkvæmt Veðurstofu Íslands var óvenju kalt á Norðurlandi dagana 23. til 27. júní.

Flest frjókornanna í júní voru birkifrjó eða 476 frjó/m³ og fór frjótala birkis hæst í 139 frjó/m³ fimmtudaginn 2. júní. Meðalfjöldi birkifrjóa í júní er 359 frjó/m³. Frjótími birkis hófst upp úr miðjum maí og lauk um 20. júní og er heildarfrjótala birkis þetta árið á Akureyri meðal fimm hæstu frá upphafi mælinga.

Næstalgengust frjókorna í júní voru furufrjó og var heildarfrjótala þeirra 357 frjó/m³. Hæst fór frjótala þeirra í 124 frjó/m³ þann 19. júní og voru furufrjó aðaluppistaðan í hæstu frjótölu mánaðarins sem var 200 frjó/m³ þennan sama dag.

Grasfrjó mældust undir meðallagi í mánuðinum eða aðeins 54 frjó/m³ en meðaltalið er 104 frjó/m³. Búast má við hærri frjótölum í sumar en aðalfrjótími grasa er í júlí og ágúst.

Aðrar frjógerðir sem mældust að einhverju ráði á Akureyri í júní voru frjó rósaættar (49 frjó/m³), starufrjó (36 frjó/m³), víðifrjó (29 frjó/m³) og yllifrjó (25 frjó/m³). Alls greindust 17 frjógerðir.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní á Akureyri. Frjótala birkis fór mest í 139 frjó/m³ þann 2. júní. Grasfrjó fór hæst í 13 frjó/m³ þann 19. júní og sama dag fór frjótala furu í 124 frjó/m³. Lítið mældist af súrufrjóum í mánuðinum. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Júnimánuður var fremur úrkomusamur á höfuðborgarsvæðinu. Úrkomu mældist 52% umfram meðallag og voru rigningardagar fleiri en í meðalári samkvæmt Veðurstofu Íslands. Frjókorn voru þó samfelld í lofti allan mánuðinn. Heildarfrjöldi frjókorna í mánuðinum var 711 frjó/m³, vel undir meðallagi en meðalfjöldi frjókorna í júní árin 2011–2021 er 1027 frjó/m³.

Mest mældist af grasfrjóum eða 367 frjó/m³ sem er aðeins yfir meðallagi (300 frjó/m³). Grasfrjó mældust alla daga mánaðarins nema tvo og hæst fóru þau í 36 frjó/m³ þann 12. júní.


Aldrei hafa mælst eins fá birkifrjó í júní og í ár og virðast þau flest hafa fallið í maí. Frjótala þeirra var einungis 13 frjó/m³ en meðaltal síðustu 11 ára í júní er 469 frjó/m³.

Eins og á Akureyri mældust furufrjó í nokkru magni í Garðabæ. Heildarfrjótala þeirra var 146 frjó/m³ í júní og fór frjótalan hæst í 31 frjó/m³ þann 9. júní.

Súrufrjó mældust 42 frjó/m³ sem er nokkuð yfir meðaltali en það er 24 frjó/m³.

Aðrar frjógerðir í júní voru helst frjó rósaættar (16), lúpínufrjó (14) og yllifrjó (13). Alls greindist 21 frjógerð í júní.

Líkt og á Akureyri má búast við að grasfrjó mælist hærri í júlí og ágúst ef veðurskilyrði eru hagstæð.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 36 frjó/m³ þann 12. júní. Lítið mældist af birkifrjóum í júní og fór frjótala súru hæst í 5 frjó/m³ þann 29. og 30. júní. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Akureyri, 20. júlí 2022

Aníta Ósk Áskelsdóttir

Netfang anita@ni.is
www.ni.is

